

**Nd.**

**1049. Nefndarálit**

**[430. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Minni hl. landbúnaðarnefndar er hlynntur breytingum á „búvörulögnum“ til þeirrar áttar sem lagt er til í nál. meiri hl. en telur þær ganga of skammt.

Sex þingmenn Alþýðubandalagsins hafa flutt tillögu til þingsályktunar þar sem lagðar eru til ýmsar aðgerðir í landbúnaðarmálum, þar með talið að lengja aðlögunartímann, þ.e. gildistíma ákvæða VIII. kafla um aðlögun búvöruframleiðslunnar um fimm ár.

Í samræmi við þetta mun undirritaður flytja breytingartillögur á sérstöku þskj. þar sem lagt er til að ákvæði 36. og 37. gr. um greiðslur útflutningsbóta og framlög til Framleiðnisjóðs gildi til ársins 1995. Það er auk þess stefna Alþýðubandalagsins að því fé, sem skv. 37. gr. laganna á að renna til Framleiðnisjóðs, eigi eingöngu að verja til hvetjandi aðgerða og til eflingar byggðar í sveitum. Fjárskuldbindingar af því tagi sem lagðar voru á sjóðinn s.l. ár ganga þvert gegn því að það fé Framleiðnisjóðs eigi á aðlögunartímanum að renna til uppbyggingar. Þar var Framleiðnisjóður notaður handahófskennt til að kaupa upp framleiðslurétt jarða og auk þess að taka að hluta til verðabyrgð á samningum ríkisvaldsins við bændur. Til að fyrirbyggja að slíkt gerist áfram er flutt breytingartillaga við ákvæði 37. gr. sem kveður skýrar á en áður var um það hvernig fara skuli með fé Framleiðnisjóðs.

Alþýðubandalagið mótmælti á sínum tíma þeim vinnubrögðum sem voru viðhöfð þegar „búvörulögin“ voru sett sumarið 1985. Það hefur síðan margoft komið í ljós og er sérstaklega viðurkennt með þeim breytingum sem nú á að gera að æskilegt hefði verið að vanda betur til þeirrar lagasetningar og stefnumörkunar í landbúnaðarmálum.

Tillaga Alþýðubandalagsins er sú að komið verði á fót starfsnefnd til að endurskoða löggin um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og leggja tillögur um nýja og heilsteypa stefnumörkun um skipan landbúnaðarmálanna til langs tíma fyrir næsta Alþingi. Því er flutt tillaga um ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun laganna.

Nefndarálit 1. minni hl. landbúnaðarnefndanna frá því við afgreiðslu laganna vorið 1985 voru birt með sem fylgiskjöl með nál. 1. minni hl. landbúnaðarnefndar Ed., svo og tillaga þingmanna Alþýðubandalagsins um aðgerðir í landbúnaðarmálum sem liggur fyrir yfirstandandi þingi, og er vísað til þeirra.

Alþingi, 18. mars 1987.

Steingrímur J. Sigfússon,  
fundaskr.